

Hér verður rakin ferð tveggja starfsmanna VMA vegna alþjóðlegs samstarfsverkefns um starfsmenntun og þjálfun í dreifbýli.

Verkefnið kallast InnoVET eða Innovative VET Devices in Rural Territories og númer þess er 2017-1-FR01-KA202-037438.

Þátttakendur frá VMA voru Hildur Friðriksdóttir verkefnastjóri erlendra samskipta og Jóhannes Árnason áfangastjóri í afleysingum og sá áður um erlend samskipti í VMA.

Sunnudagur 8. október 2017.

Ferðin byrjaði á Akureyri kl. 3.00 aðfaranótt sunnudagsins 8. okt 2017. Þá mættum við á flugvöllinn á Akureyri til að taka flug beint til Keflavíkurflugvallar. Flugið fór af stað nánast 15 mínútum á undan áætlun eða 4.15 í stað 4.30. Fáir voru í vélinni, innan við 20 manns. Þessi þjónusta er frekar nýleg, hefur verið í gangi síðasta vetur og örfáa daga í viku í sumar en nú er hún fimm daga vikunnar. Því miður er WOW ekki með samning um farangursafgreiðslu við Air Iceland Connect þannig að við vorum eingöngu með handfarangur, greiddum fyrir handtösku og vorum svo með litlar skjóður sem eru alltaf innifaldar í farinu.

Við lentum á Keflavíkurflugvelli um kl. 5.00 eða nærri 20 mínútum á undan áætlun. Það leyfði okkur að fá okkur smá hressingu og skoða farsíma í Elkó. Flug WOW til Brussel fór svo nokkurnvegin á réttum tíma 6.15. Sú flugvél, Airbus 321, var rúmlega hálf, mjög fáir sátu fremst þar sem þarf að greiða meira fyrir sætin. Flugið var gott og við lentum á Zaventem flugvelli við Brussel um 11.15.

Komin út úr flugstöðinni, búin að kaupa lestarmiða og komin af stað kl. 12. Fórum út á Brussel Central. Við gengum smáspöl í sérlega góðu veðri, þurru, smá sólskin og ca 15 stiga hiti, og fórum um borð í strætó sem ók nálægt hótelinu.

Við hentum töskunum inn og fórum af stað í gönguferð um miðborg Brussel. Hótel Belvue <http://www.belvuehotel.com/> er stutt frá einu síkinu í raun á mörkum þess að teljast til Molenbeek hverfisins sem varð þekkt þegar rætt var um hverfið tengdist hryðjuverkamönnum sem sprengdu á flugvöllinum og í neðanjarðarlestarstöðinni.

Smám saman þyngdi í lofti og við fengum rigningarskúrir. Byrjuðum á að fá okkur að borða og gengum svo um miðborgina, að nokkrum kirkjum, fórum á Grand Place torgið og fleira. Strákurinn heldur áfram að spræna <https://www.brussels.be/manneken-pis>. Þó nokkrar súkkulaðiverslanir urðu á vegi okkar, myndu kallast Lundabúðir í Reykjavík. Ein af örfáum verslunum sem við fórum inn í var myndasögubúð þar sem hægt var að fá ótrúlegar margar mismunandi myndasögur allt frá gömlum Tinnabókum að nýjustu teiknimyndabókum.

Komum á hotelið aftur um kl. 16 og fengum herbergin, góð herbergi en nokkuð sérstök að því leyti að gólifið er bara steinsteypa og mikill hluti veggjanna líka, sumir veggbútar eru málaðir.

Hittum svo hluta af hópnum sem kom á fundinn og fórum með þeim að fá okkur að borða. Vorum ein af þeim fyrstu til að koma okkur aftur á hotelið enda dagurinn orðinn langur.

Mánudagur 9. október 2017

Continental morgunverður í lobbýinu á hótelinu og fundur hófst kl. 9.00 á sjöundu hæð í Belvue Hótelinu.

Sjá lýsingu á verkefninu aftast í skjalinu.

Þar voru mætt:

Frakkland

Frá UNMFREO (MFR = Maisons Familiales Rurales) sem er kerfi sem er sagt að fjölskyldur reka og gefa kost á starfsnámi og þjálfun.

Olivier Gineste sem stýrir verkefninu. Hann var kennari en vinur núna að ýmsum verkefnum sem MFR er með í ýmsum löndum sem Frakkland hefur tengsl við, Senegal, Kambódía og fl.

Vinnur líka með að senda nemendur í þjálfun í öðrum löndum.

Brigitte Gehin er verkefnastjóri við stjórnun MFR vinnur að stefnumótun og tengslum við skóla og þjálfunaraðila.

Roland Grimault sem er forstjóri MFR síðan í ágúst.

Lýsir ánægju með að vera að fara af stað með verkefnið. Það sé mikilvægt að vinna með verkefni eins og þetta sem fjallar um þróun kerfa til að stuðla að starfsnámi í dreifðum byggðum.

MFR reynir að þjálfa fólk þannig að það geti haldið áfram að búa á sínum stöðum. MFR er í tengslum við meira en 20 lönd um að þróa þessi kerfi.

Til að þjálfa fólk þarf að hafa viðfangsefni á staðnum, taka eftir því hvað er í boði á staðnum.

Roland verður bara þennan daginn en treystir því að vinnan gangi vel.

Reunion _ Frakkland

FD MFR Reunion (Deild úr MFR á Reunion eyju í Indlandshafi)

Francois Antier stýrir MFR á Reunion eyju. Talar litla ensku.

Jimmy Mussard stjórnandi hjá MFR skóla á Reunion eyju.

Þeir höfðu flogið í 10 – 11 klukkutíma frá Reunion til Parísar og komið með lest þaðan til Brussel.

Frakkland

IFOCAP sem er þjálfunar kerfi í landbúnaði meðal annars sér um leiðtogaþjálfun fyrir forsvarsmenn bænda.

Pascale Ract

Xavier Lemonde stjórnandi IFOCAP

Frakkland

Sol et Civilisation sem er hugveita sem fjallar um þróun í dreifðum byggðum.

Emma Jaquess vinnur með atvinnutengd mál, meðal annars hvaða störf það eru sem þarf að sinna í framtíðinni.

Belgía

OFFA sem er stofnun sem steypir saman starfsmenntunarkerfum í Frönskumælandi hluta Belgíu.

Eric Hellendorff
Michel Urbain

Slóvenía
BSC

Þaðan kom enginn og líklega verður skipt um partner, hugsanlega kemur nýr partner frá Bosníu.

Rúmenía

GAL NAPOCA samtök í Transylvaníu sem stuðla að þróun svæðisins.

Mihai Deac er sjálfstætt starfandi fyrir ýmis samtök í Cluj.

Adina Pascoiu

Litháen

VIVASOL eru samtök smárra framleiðenda á svæðinu, meða lannars bænda,

Gene Mockeviciene er bóndi og er tengdamóíðir Loretu.

Loreta Mockeviciene vinnur með samtökum smáframleiðenda og fyrirtæki sem vinnur í alþjóðlegum

Frakkland

F3E eru samtök sem vinna að menntun og þjálfun m.a. PRISM verkefninu sem vinnur að því hvernig breytingum er stjórnað.

Er ekki partner í verkefninu heldur kemur inn vegna aðferðafræðinnar sem ætlunin er að nota. **Vanessa Gautier** starfar hjá F3E.

Olivier Gineste bað alla um að kynna sig í byrjun, hver maður fékk ca 2 mínútur, á ensku eða frönsku og svo var þýtt á ensku frá þeim sem töluðu frönsku.

Eftir kynningarnar var skipt yfir í aðferð við að fá fram hugmyndir fólks um það hvað það heldur að komi út og vill fá út úr verkefninu.

Olivier gaf nokkrar mínútur og allir skrifuðu á blað það sem þeim datt í hug.

Fyrst um þær áskoranir sem felst í því að taka þátt í verkefninu og má segja að séu markmiðin með því að taka þátt. Í öðru lagi það samhengi sem ég kem með í verkefnið, kannski af hverju ég er hér.

Ýmsar athugasemdir komu fram:

Rannsóknir og athuganir á því hvernig hægt er að aðstoða fólk í dreifðum byggðum við að koma á breytingum. Vinna með ýmsum sem eru leiðandi, bæði bændum en líka bæjarstjórnnum.

Hópur nemenda sem ekki passa nægilega vel við skólakerfið.

Emma.

Finnst hún vera ung í verkefninu. Hún vill skoða betur hvernig þekkingin er sköpuð og henni komið til skila. Að fyrirfram hugmyndir um hvernig er unnið með þessi mál séu að

hindra það að leysa málin. Þess vegna vill hún vera með í að skoða alla möguleika.

Jimmy.

Reunion eyja er einangruð og umhverfið að öllu leyti sérstakt. Ólæsi er útbreitt og það er vandamál þegar fólk er í skólum. Skólar eru of úr takti við raunveuleikann .

Adina og Mihai

Talar um að þjóðin er að eldast, hætta á að handverk gleymist og það leiðir meðal annars til þess að hefðir gleymast.

Aftur fimm nínútur skrifa:

Hvaða tækifæri eru fyrir hendi.

Roland

Samtal um menntun og þjálfun og MFR vill vera þátttakandi þar. Forseti Frakklands er mjög Evrópusinnaður og það gefur tækifæri til að vinna alþjóðlega.

Michel

OFFA er ungt fyrirbæri. Það er margt sem þarf að gera. Í Belgíu er starfsnám vel þekkt en það er hægt að vinna að mjög mörgu í þeim starfsnámskerfum.

Eric

Vinnustaðþjálfun er ekki nægilega þekkt meðal fólks og fyrirtækja, við viljum enduruppgotva starfsþjálfun og þróa nýjar aðferðir við þessa hluti, bæði fyrir ný störf og til að viðhalda eldri hefðum.

Mihai

Að koma MFR til Rúmeníu og gera verknámið meira aðlaðandi

Birgitte

Í fyrri verkefnum var spurt hvernig nemendur finna námsleiðir sem passa þeim. Líka hvernig fyrirtæki finna út hvaða þjálfun nemandur þurfa og hvernig talað er við skóla eða þjálfunarmiðstöðvar. Þjálfunarkerfin þurfa að vera meðvituð um þarfir svæðanna.

Niðurstaðan var að þjálfunarmiðstöðvarnar þurfa að hafa stór eyru og þurfa að taka þátt í þróun svæðanna. Margbreytileiki þeirra sem eru í verkefninu er mikilvægur og að vita að þátttakendur taka tillit til hinna aðilanna á svæðinu.

Francois

Jimmy sagði að það væru sérstök vandamál og hann bætir því við að ekki er nægilega sterkt atvinnulíf til að taka við öllum sem bætast við, fólksfjölgun er mikil og ungt fólk fær ekki störf. Nú eru yfirvöld að búast við að þjálfunarmiðstöðvar, skólar, taki að sér að þjálfa fólk til starfa en líka vinna að því að til verði ný störf. MFR er ekki yfirleitt að þróa störf, þetta er því ný áskorun fyrir MFR á Reunion. Ef við hugsum um vinnumarkaðinn á Reunion er þörf á ákveðnum fjölda fyrir ákveðin störf en svo mettast markaðurinn og þá þarf að bjóða nýjar leiðir. Af því að staðan er svo flókin er verkefnið og þátttakendur góður vettvangur til að ná í nýjar hugmyndir.

Þriðja skrefið.

Hvaða erfiðleika er við að eiga?

Gene

Allar borgir hafa fleiri störf með hærri laun en í sveitunum eru launin lægri og færri störf.

Verið er að reyna að sýna yngra fólkinu hvernig hægt væri að vera áfrma og lifa góðu lífi á öðrum mælikvörðum betra og heilbrigðara líf þótt launin séu lægri.

Loreta

Bendir á að stundum finnist fólki ágætt að læra starfið en ekki vinna það.

Xavier.

Erfitt að mæta áhuga fólks með þeim námsleiðum sem eru í boði.

Eric

Kannski ef einhver fyrirtæki væru með fengjum við sjónarmið fyrirtækjanna.

Svo skrifuðu allir aðalatriðin á blöð til að hengja upp.

Ghiang er starfsmaður Sol et Civilisation

Hann var í fjarsambandi í gegnum Skype frá Frakklandi.

Emma þýddi fyrir hann. Hann er upptekinn og komst ekki. Hann ætlar bara að svara einhverju sem ekki hefur komið fram áður. Sol et Civilisation vinnur að verkefnum sem tengjast þróun dreifðra byggða.

Þetta verkefni er um það sem þau vinna að. Hlakkar til að taka þátt í verkefninu. Sumar staðreyndirnar eru að það er að verða meiri munur á þjálfun fólks og menntun og á því sem atvinnulífið þarf. Þetta er enn sannara á heimsvísu.

Á sama tíma sem við höfum dreifðar byggðir sem vantar aðráttarafi fyrir ungt fólk. Það þarf eitthvað sem breytir því. Hann tekur þetta saman í því að spyrja hvernig við byggjum sameiginlega stefnu / áætlun um að þjálfun mæti þörfum.

Allskyns tæki, aðferðir við að skoða stöðuna á svæðunum. Þurfum að bæta aðferðir og setja spurningarmerki við þær sem eru notaðar til að ná að aðlaga

Hádegisverður í næsta húsi.

<http://www.hotpopote.com/bel-mundo-restaurant-canal-atelier-groot-eiland-brussels-bruxelles/>

Veitingahúsið þar sem atvinnulausir vinna er eitt af þeim verkefnum sem hótelið og fleira tengist varðandi það að endurlífga Molenbeek hverfið úr glæpahöndum og snúa við niðurníðslu þess. Því miður fengum við að vita að eitt af því sem gerist er að sumir íbúarnir sem voru einangraðir í hverfinu neyðast til að finna ódýrara húsnæði í úthverfum og einangrast þá ennþá meira. Þetta gerist þegar aðrir vilja búa hverfinu og leigan eða húsnæðið verður dýrara.

<http://canal.brussels/fr/content/art2work-s%E2%80%99installe-la-malterie-belle-vue>

Eftir hádegið var byrjað að kynna samstarfsaðilana, Við kynntum VMA en því miður tók það heldur langan tíma.

Svo lásu þátttakendur upp samantektina sína eftir vinnuna um morguninn.

Adina

Markmiðið hjá þeim að gea hlustað á fólk á svæðinu. Ungt fólk finni störf sem krefjast sérþjálfunar og passi við þá þjálfun sem það fær.

Læra um aðferðir sem fólk annarsstaðar er að nota við að þróa svæðin.

Olivier las upp úr matinnu sem umsóknin fékk. Þar var meðal annars óskað eftir tölum og staðreyndum til að styðja það sem er sagt.

Michel.

Áskorunin er að þróa starfsþjálfun sme þörf er á en um leið halda í heiðri eldri

vinnubrögðum. Passa að þjálfunarkerfin virki saman en keppi ekki eingöngu um nemendur þótt þjálfunarkerfin gætu verið að vinna með sömu starfsgreinar. Gott að hafa fjölbreytni í þjálfunarleiðum.

Olivier úr umsögninni.

Það tekur langan tíma að hafa áhrif á stefnu. Við þurfum að finna út hvernig við getum haft áhrif á stefnuna og finna út hvernig við getum sýnt að við höfum haft áhrif.

Emma.

Að breyta því hvernig ég hugsa um og vinna með svæðið sem ég er að þæla í.

Úr umsögninni komu athugasemdir um að í raun þyrfti verkefnið að skila af sér upplýsingum og ef til vill skýrslum eða leiðbeiningum um það hvernig er hægt að taka þjálfunarkerfin inn í reikninginn þegar rætt er um þróun dreifbýlla svæða.

Muna að þetta er ekki franskt verkefni heldur alþjóðlegt. Það er nauðsynlegt að fá sjónarmiða allsstaðar að.

Xavier

Ný þjálfun fyrir leiðtoga á svæðum þannig að það fólk mæti frekar nýjum þörfum.

Olivier minnir á að í umsögninni var kvartað um það að vita ekki af hverju á að fara til Figeac að skoða aðstæður. Ástæðan er sú að þar hafa allir frönsku partnerarnir unnið saman áður og í fyrra verkefni var komið á fót námstilboði um dreifbýli á því svæði.

Jimmy.

Áskorun að koma með nýjar námsleiðir í erfiðu umhverfi.

Pascale.

Viljum auka þekkinguna um hvernig er hægt að þróa svæðin. Við viljum aðstoða svæði við það. Skipuleggja case studies. Leggja áherslu á soft skills, samskipti og slíkt þegar verið er að þjálfna þá sem leiða svæðissamtök.

Hildur.

Áskorunin er hvernig er hægt að koma saman áhuga nemanna og þarfa svæðisins.

Hvaða hlutverk á skólinn að hafa um þróun á starfsþjálfun og framboði. Nú erum við aðallega að bregðast við einhverju en ekki hafa nægilega skýra stefnu. Verið er að skera niður í fjarhagserfiðleikum og hvernig við höldum við verkþekkingu.

Olivier nefndi að mikilvægt er að miða ekki allt við frönsku þáttakendurna og að allir komi með sínar áherslur.

Loreta.

We want the village be alive.

Það þarf að taka fólk, menninguna og allt annað með í myndina. Ekki bara vinnuna heldur líka fleiri hluti.

Smá kaffi 16.00

Vanessa tók við

20 mínútur.

What are the key challenges as an organisation for the next two years
How do you think the program or other partners can contribute to this challenge
What do you want to learn from this Programme.

Hvert er hlutverk skólans í starfsþróun á svæðinu? Það er meira en að þjóna eingöngu atvinnulífinu, við þurfum að sinna öðrum hlutverkum, menningarlegu hlutverki, opinber skóli hefur ríkari hlutverk. Ekki bara stjórnast af peningalegum hliðum.

Hvernig fáum við skólastjórnendur með í verkefnið.

Hvernig á skólinn að ná sambandi við atvinnulíf þannig að þjálfun nemenda í skóla og á vinnustað sé heild.

Hvernig afmörkum við verkefnið, erum við fulltrúar annarra sjónarmiða en t.d. stjórnendur skólans?

Við viljum ná því takmarki að skólinn sem stofnun taki í raun þátt í því að ræða um samfélagslegt hlutverk skólans er.

Vonandi fáum við úrr verkefninu víðari sýn á hlutverk skólans í þróun svæðisins? Innifalið í þessu er að móta nám og þjálfun sem mætir nemendum og þörfum svæðisins.

20 mínútur þar sem hver partner skoðaði sjálfan sig og áskoranir í veriefninu.

20 mínútur þar sem fleirir partnerar báru saman niðurstöður sínar.

20 mínútur þar sem farið var yfir niðurstöður hópanna.

Key expected learnings.

- tools and methods to analyse understand our territories
- how each partner's country's history impacts the development of their respective regions.

Key ideas questions.

- How to make the rural areas attractive.
- How can we renew / spread / redevelop our traditional skills / lifestyle.

Key skills that we can bring.

Að lokum tók Olivier við um ýmislegt hagnýtt um verkefnið.

Olivier. On dropbox

Intercultural aspects.

Different backgrounds, we do not have the same understanding of terms.

Kvöldverður á <http://www.chezleon.be/en/> og fengum prýðilegan mat, margir fengu sér krækling / mussels.

Þriðjudagur 10. október 2017.

Fundur byrjaði um kl. 8.45. Heimamenn í Brussel voru í basli að komast á staðinn vegna þess að það var verkfall hjá starfsmönnum almenningssamgangna. Það leiddi líka til verulegra umferðartafa.

Olivier byrjaði með því að biðja hvern þátttakanda að koma með einhver tvö orð um reynsluna frá í gær.

Byrjað með kynningar á partnerum.

Mihai og Adina kynntu GAL NAPOCA frá Rúmeníu. Startað 2009, fyrstu peningar 2011.

Local action group merkir.

Áreiðanlegir partnerar.

Fjárfesting,

Hefðir svæðisins

Tæknilegar framfarir t.d. internet.

T.d. nota sólarorku til að knýja ljósaskilti.

Attractive rural, halda við náttúrusvæðum og gömlum byggingum.

Healthy rural, inniheldur áætlanir um björgunar og fyrstu hjálp ásamt heilbrigðu lífi

Hjálp fyrir Romafólk Inclusiv rural. Allir með.

Fjölbreytileiki, ýmsar leiðir í ferðaþjónustu og handverki.

Samstarf.

Taka efnahagslega þætti með í reikninginn, aðstoða fólk við að átta sig á hagkvæmninni.

Upprunamerkingar

40.000 íbúar. Næst stærstu svæðisbundnu samtökin, 1700 ferkílómetrar

Hvaðan koma peningarnir og hverjir fá styrki?

Hluti af starfsemi GAL Napoca er að fara og finna fólk sem vill fá styrki.

IFOCAP Xavier og Pascale kynntu.

Training the actors / leaders of the agriculture and rural world

Stofnað 1959 afa bændum sem vildu þjálfa fólk til leiðtoga starfa á sviði landbúnaðar.

Landbúnaðarráðuneytið tók þátt og vildi að hægt væri að þjálfa leiðtoga á öllum stigum frá sveitarstjórnnum / sveitarfélagastigi, samtök bænda og uppúr.

Helmingur af framlögum til þessa kemur frá ráðuneytinu.

Þjálfun, leiðbeiningar um t.d. fyrirlestra og námskeiðahald, kennslufræðileg aðstoð, aðstoða fyrir fundi og námskeið.

Samtök með stjórn, helmingurinn af stjórninni eru bændur eða leiðtogar bændasamtaka og helmingurinn er fólk sem hefur unnið með IFOCAP.

Verið er að þróa fjarfundatækni, fjarkennsluáferðir itl að nýta námskeiðin betur.

Þrír hópar sem eru þjálfaðir, leiðtogar í landbúnaði, starfsmenn landbúnaðarsamtaka, bændur eða aðrir úr dreifðum byggðum til að taka að sér ábyrgðarstörf.

Tvær gerðir þjálfunar,
Stutt námskeið, miðað við ákveðna hæfni. Tveir dagar.
Lengra nám, til að breyta viðhorfum og aðferðum þannig að fólk verði betur hæft til að nýta þekkingu og aðferðir.

80% af vinnunni er eftir óskum einhverrra sem biðja um námskeið eða þjálfun.
Eitt það þekktasta er omega 25 daga prógramm að vetri. Bændurnir sem koma eru oftast 35 – 40 ára og vilja taka að sér meiri ábyrgð í kerfinu. Agriculture professional leader.
Oft farið á ákveðið svæði til að læra af þeim, þetta er einn af hlutum námskeiðsins.
Reynt að spá í framtíðina, reynt að gera leiðtogum grein fyrir að ákvarðanir í dag hafa áhrif í framtíðinni.
Vilja vinna meira með kjörnum fulltrúum. Að kynna nýleg og frumleg dæmi. Að endurnýja Evrópuhugsun.
Ekki skyldunám, þáttakendur greiða hluta af kostnaði við námskeiðin en bændasamtökin vilja að Omega námskeiðið verði eins óháð efnahag þátttakenda eins og mögulegt er þannig að það er mikið niðurgreitt.

Smá kaffi og byrjað aftur kl. 10.

Þá voru á dagskrá allskonar skriffræðisatriði.

Muna að senda ráðningarsamninga.
Hádegisverður aftur á Belmundo.
<http://www.hotpopote.com/bel-mundo-restaurant-canal-atelier-groot-eiland-brussels-bruxelles/>

Eftir hádegðið.

Francois og Jimmy kynntu MFR og sérstaklega á Reunion eyju.

Jimmy stýrir skóla sem býður prógrömm af nokkrum gerðum, bæði þar sem nemendur eru í heimavist í viku og sækja kennslustundir en eru heima og í vinnu hina vikuna

MFR eru hús sem fjölskyldur stýra en starfsmenn sjá um starfið.
Áhersla á að vera smáir skólar til að geta sinnt fólki betur.
Mikil áhersla á manneskjuna.

430 MFR associations með 90.000 ungmenni og 30.00 fullorðna sem er verið að þjálfa.

Rætt var um heimsókn næsta dag til OFFA. Við gátum ekki komið með þangað vegna þess að flugið til Íslands var um hádegðið og ekki hægt að fara út í borgina og koma sér svo á flugvöllinn.

Svo var rætt um næstu skref í verkefninu.

Figeac

sunnudagur 5. nóvember að koma á staðinn.

Mánudagur 6. - fostudagur 10. nóvember

Laugardagur 11. nóvember heimferð.

Olivier rifjaði upp lykilorðin úr því sem við höfðum fjallað um.

The synthesis

Context:

Challenge

Players - action areas.

Capitalize

Soft skills

Aðferðin sem við notum að mestu myndi geta kallast Case Study.

Unnið var í hópum við undirbúning fundanna sem eru næstir á dagskrá

Vikudvöl í Figeac í Frakklandi

6. - 10. nóvember

Ferðast þangað um Toulouse eða Brive flugvelli.

Toulouse 2 klst 20 mín Brive 1 klst.

Við gistum í heimavist MFR

Náð í okkur á flugvöllinn á smárútum.

Mánudagur 6. nóvember

Skoða aðferðafræði

Skólinn MFR hvernig það virkar.

Þriðjudagur 7. nóvember

Svæðið kynnt Giang

Kynnast fyrirtækja klasa og fleiru.

Tengsl fyrirtækjanna og þjálfunarkerfisins og hvernig klasinn getur tengt þetta saman.

Figeacteurs var stofnað af samvinnufélagi bænda, staðbundnu yfirvöðlin gerðu ekki nóg að hans mati og nú er orðið til öflugt afl til að auka aðdráttarafl svæðisins fyrir fólk að vilja vera áfram.

Miðvikudagur 8. nóvember

Morgunn greining

Seinni partur

Heimsóknir

Fimmtudagur

Heimsókn á annað svæði Pays des Portes de Gascoigne

Hittum sérfræðinga á bókaveitingastað. Sarrant er lítið þorp.

Föstudagur

Unnið að framhaldi verkefnisnins, skýrslur og fleira og verðum nálægt Toulouse.

Economic players er stór þáttur.

Menntun og þjálfun

Kjörnir fulltrúar og allt tengist saman og við sögu svæðisins, styrkleika, veikleika og menningu. Líka við stjórnsmál á landsvísu.

Fundur á Akureyri 7. - 9. mars 2018.

Við kynntum mögulega staði að líta á og heyra um.

Fundur í Kluj 29. - 31. maí 2018. Í Gilag ????

Mihai sýndi mögulega staði / atriði til að heyra um og skoða.

Gene og Loreta fjölluðu um heimsókn til Litháen.

Francois og Jimmy sögðu frá hugmyndum um heimsókn til Reunion.

Athyglisverð útskýring á ferlinu við að koma á einhverjum breytingum.

Fundurinn á Reunion er sá síðasti.

Hver partner geri samantekt um sína sýn á það sem við lærðum.

Hugsa um hvernig við auglýsum verkefnið.

Erasmus plus landsskrifstofan verður með fulltrúa í Figeac líklega síðasta daginn.

Er hægt að hafa fjarfund í næstu viku? Við óskuðum eftir því að bíða aðeins með það.

20. október föstudagsmorgun yrði reynt að hafa fjarfund eða 27. okt

Miðvikudagur 10. október 2017.

Við fengum morgunverð á hótelinu og kvöddum þau sem voru á leiðinni á kynningu hjá OFFA. Michel koma á hótelið til að fylgja hópnum í sporvagn og strætó í höfuðstoðvar OFFA.

Við fórum í strætó og lest á flugvöllinn og svo með WOW flugi til Íslands og svo frá Keflavíkurflugvelli beint til Akureyrar með Air Iceland Connect. Komin um kl. 18.30 til Akureyrar.

Samantekt um verkefnið.

Verkefnið InnoVET

VET merkir Vocational Education and Training (starfsnám- og þjálfun).

Verkefnið er Erasmus plus verkefni í flokki samstarfsverkefna (Strategic Partnership) og kallast **InnoVET** eða **Innovative VET Devices in Rural Territories** og númer þess er 2017-1-FR01-KA202-037438.

Verkefnið gengur út á vettvangsathuganir (case studies) og þróun á aðferðum sem hægt er að beita til að finna leiðir til að styrkja svæðin og að skoða sérstaklega þátt starfsmennta- og starfsþjálfunarkerfa í þróun dreifbýlla svæða.

Dreifðar byggðir á mörgum stöðum í Evrópu glíma við svipaða þróun. Ungt fólk leitar eftir námi sem oft passar ekki við þarfir svæðisins, sem dæmi má nefna ósamræmi milli útskrifaðra úr framhaldsskólum og háskólum og þörf á vinnuafli og hæfni til starfa. (Competence mismatch.) Margt fólk leitar eftir háskólanámi en hæfileikar sumra væru betur nýttir með starfsmenntun á framhaldsskólastigi með möguleikum á frekara námi og þar með mjög hagnýtri samsetningu á reynslu og námi. Slíkir einstaklingar eru mjög eftirsóttir til starfa hvar sem er og sérstaklega mikilvægir fyrir smærri samfélög. Inn í þetta kemur munurinn á náms- og starfsvali (möguleikum og tækifærum karla og kvenna) sem stundum kemur fram í því að konurnar fara frekar af svæðinu og til borganna en karlar verða eftir.

Dreifðar byggðir eru oft viðkvæmar fyrir utanaðkomandi áhrifum vegna náttúrulegra aðstæðna, breytinga á tækni og framleiðslu og vegna markaðstengdra aðstæðna þegar hagkvæmni er eini mælikvarðinn sem lagður er á einhverja starfsemi.

Dreifðar byggðir geta færst yfir í hlutverk þeirra sem varðveita eldri atvinnuhætti og hefðir sem getur skapað ímynd eða styrkleika þótt það geti orðið veikleiki svæðisins ef það hindrar þróun í átt til nútíma lífshátta.

Eitt af því sem verkefnið skoðar er það hvort vinna við þróun dreifbýlla svæða gleymir eða skilur eftir einhver af þeim atriðum sem skapa fólki eðlileg lífsskilyrði í nútíma samfélagi. Þar má til dæmis nefna hvort það gleymist að taka með í reikninginn starfsnámsmöguleika á svæðinu.

Verkefninu er stjórnað af MFR í Frakklandi.

<https://www.mfr.asso.fr/>

MFR er kerfi fyrir starfsmenntun og þjálfun í dreifðum byggðum og er stýrt af fjölskyldum nemanna. Í Frakklandi er MFR að sinna um það bil 70.000 nemum á framhaldsskólaaldri og 30.000 fullorðnum nemum.

Aðrir samtarfsaðilar í verkefninu eru:

IFOCAP, samtök sem sjá um að veita bændum og öðrum úr dreifðum byggðum leiðtogaþjálfun til að styrkja þá í samskiptum, stjórnun og öðru sem líklegt er til að leiða til betri vinnu við að leiða dreifðar byggðir og atvinnustarfsemi þar.

<http://www.ifocap.fr/>

Sol et Civilisation sem er nokkurskonar hugveita og ráðgjafabatterí um byggðamál, sol

hefur merkinguna jarðvegur og nafnið merkir þá tengingu milli jarðvegar og siðmenningar.
<https://www.soletcivilisation.fr/>

MFR á Reunion eyju. <http://mfrpdp974.re/>

Þetta er hluti af MFR í Frakklandi en er sjálfstæður aðili að verkefninu.

OFFA í Belgíu er nýleg stofnun sem vinnur að því að samræma starfsnámskerfi í Valloníu (frönskumælandi hluta Belgíu). Alternance merkir að nemar eru í skóla í viku og á vinnustað í viku.

<http://www.offa-oip.be/>

Vivasol frá Litháen eru lítil samtök smáframleiðenda sem selja eigin afurðir t.d. á hefðbundnum torgmarkaði í Vilnius.

<http://vivasol.lt/>

GAL Napoca eru samtök óháð sveitarstjórnnum eða öðrum stjórnvöldum í Transylvaníu í Rúmeníu. Þessi samtök fá styrki til að vinna að margvíslegum verkefnum til að styrkja svæðið sem þau starfa á.

<http://napocaporolissum.ro/ro/>

VMA – Verkmenntaskólinn á Akureyri sem er eini formlegi skólinn í hópnum.

<https://www.vma.is/>

Dagskrá verkefnisins er um það bil þessi.

Fundur 1 í Brussel 9. - 10. okt 2017

Fundur 2. Námskeið og vettvangsathuganir (case studies) í Figeac í suður / mið Frakklandi 6. - 10. nóvember 2017.

Fundur 3. Fundur og vettvangsathuganir á Akureyri 8. - 10. mars 2018.

Fundur 4. Fundur og vettvangsathuganir í Cluj í Transylvaníu í Rúmeníu seint í maí 2018.

Fundur 5. Fundur og vettvangsathuganir í Slóveníu (óvíst um það, gæti orðið Bosnía) í okt 2018.

Fundur 6 . Fundur og vettvangsathuganir í Litháen seint í febrúar eða mars 2019.

Fundur 7. Fundur og vettvangsathuganir í Frakklandi í júní 2019

Fundur 8. Fundur og námskeið í viku á Reunion eyju í júní 2019.

Samstarf á Norður og Austurlandi.

VMA óskar eftir samstarfi og samráði við ýmsa aðila sem vinna að byggðamálum og eflingu dreifðra svæða meðal annars með það að markmiði að skoða hlutverk VMA og starfsmenntakerfisins við eflingu svæðanna. Ennfremur að tengja ýmsa aðila sem sinna byggðamálum og atvinnuuppbyggingu við VMA og aðra sem koma að starfsmenntun.

Samstarfið getur til að byrja með falist í fundum þátttakenda úr VMA með ýmsum aðilum og þátttöku í verkefnisfundi til að fá fram fjölbreytta mynd af Norður og Austurlandi þegar verkefnisfundurinn verður haldinn á Akureyri í mars 2018. Kynningar frá einhverjum aðilunum á verkefnisfundinum á Akureyri eru vel þegnar. Til framtíðar væri æskilegt að skoða það hvernig VMA og önnur starfsmennta- og þjálfunartækifæri koma inn í kynningu á svæðinu og stefnumótun um svæðið.

Eitt af því sem kemur til greina er að einhverjir þeirra aðila sem starfa að og fjalla um dreifðar byggðir taki þátt í einhverjum fundum í verkefninu. Markmiðin með því væru að koma til skila reynslu og þekkingu sem til er á Íslandi og að taka þátt í að horfa á ákveðin svæði með augum sérfræðinga á ákveðnum sviðum og um leið læra af öðrum.

Allar upplýsingar veita:

Hildur Friðriksdóttir sem starfar á bókasafni VMA og er verkefnisstjóri erlendra samskipta í VMA. hildurfri@vma.is

Jóhannes Árnason sem gegnir starfi áfangastjóra tímabundið og hefur sinnt erlendu samstarfi í VMA og kennt náttúrufræði. jarn@vma.is